

RAMMAÁÆTLUN UM EFLINGU GÆÐA Á SVIÐI ÆÐRI MENNTUNAR Á ÍSLANDI

(Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF)

Minnisblað um skipulag, tímaáætlun og framkvæmd sjálfsmats innan Háskóla Íslands (endurskoðuð drög, 3.11.2011)

A. SKIPULAG OG TÍMAÁÆTUN

1. Almennt

Gæðaráð háskóla (e. Quality Board) hefur gefið út handbók (e. *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*) þar sem lýst er nýrri rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework).¹ Rammaáætlunin gerir m.a. ráð fyrir þrenns konar mati eða úttektum á starfsemi íslenskra háskóla, þ.e.

- í fyrsta lagi reglubundnu mati á faglegum einingum sem viðkomandi háskóli stýrir sjálfur (e. Institution-led subject review),
- í öðru lagi reglubundu heildarmati á háskólastofnunum sem gæðaráðið stýrir (e. Quality Board-led institutional review) og
- í þriðja lagi óreglubundnu mati á einstökum þáttum í íslenska háskólakerfinu (e. Special Quality Board-led review), eftir því sem ástæða er til.

Nánar tiltekið er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2011/2012 til 2015/2016 verði allar faglegar einingar á öllum námsstigum í öllum íslenskum háskólum metnar, auk þess sem stofnanirnar verði metnar sem heildir á sama tímabili. Sjálft matið fer fram á árunum 2011/2012 til 2014/2015, en 2015/2016 verður farið yfir árangur fyrstu lotu rammaáætlunarinnar og lagt á ráðin um þá næstu. Hvað stofnanamatið varðar liggur fyrir að Háskóli Íslands verður metinn veturinn 2014/2015, síðastur innlendra háskóla. Gert er ráð fyrir að frumkvæði að óreglubundnu mati geti komið frá háskólunum sjálfum, ráðgjafanefnd gæðaráðsins, mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða gæðaráðinu. Að auki gerir rammaáætlunin ráð fyrir að fulltrúi/fulltrúar í gæðaráðinu haldi árlega fundi með stjórnendum

¹ Sjá <http://www.rannis.is/english/qef/qef-handbook/>

hvers háskóla til að fara yfir niðurstöður úttekta undangengins árs, draga af þeim lærdóma og leggja á ráðin um eftirfylgni.

Í þessu minnisblaði er fyrst og fremst fjallað um matið á faglegu einingunum.

2. Skipulag og tímaröð sjálfsmats faglegra eininga innan Háskóla Íslands

Hver háskóli ákveður sjálfur hvernig hann hyggst standa að matinu á faglegum einingum sínum. Skila háskólarnir gæðaráði áætlun um skipulagningu og tímaröð sjálfsmats faglegra eininga sinna í lok árs 2011, en gæðaráðið ákveður hvenær hver stofnun verður metin sem heild. Eins og áður segir liggur fyrir að heildarmat á Háskóla Íslands mun fara fram árið 2014/2015.

3. Faglegar einingar sem lagðar eru til grundvallar sjálfsmatinu

Almennt er við það miðað að sjálfsmatið taki til deilda Háskóla Íslands. Einstakar deildir geta þó tekið höndum saman um sjálfsmatið, tvær eða fleiri í senn. Á þetta einkum við um faglega skyldar deildir, s.s. Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild Félagsvísindasviðs, verkfræðideildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Raunvísindadeild og Jarðvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Gert er ráð fyrir að þverfræðilegar námsleiðir á framhaldsstigi, þ.e. lýðheilsuvísindi og umhverfis- og auðlindafræði, verði metnar eins og deildir. Samtals verða því metnar 26 deildir og þverfræðilegar námsleiðir á næstu fjórum árum eða um 5-9 á ári.

4. Mat á þjónustueiningum

Gert er ráð fyrir að stoðþjónusta sem tengist með beinum hætti gæðum náms og kennslu verði metin sérstaklega í formi spurningakönnunar sem lögð verður fyrir nemendur árlega. Niðurstöður könnunarinnar verði birtar í viðauka með sjálfsmatsskýrslunni og túlkaðar fyrir viðkomandi deild í meginmál skýrslunnar. Þeir þjónustubættir sem helst koma til álita eru:

- Nemendaskráning
- Náms- og starfsráðgjöf
- Bókasafnsþjónusta
- Upplýsingatækniþjónusta (Ugla, Moodle-kennsluumhverfið, háskólavefurinn, tölvuþjónusta Reiknistofnunar o.fl.)
- Alþjóðaskrifstofa

- Þjónustuborð á Háskólatorgi
- Matsskrifstofa kennslusviðs
- Miðstöð framhaldsnáms
- Stoðþjónusta á vettvangi fræðasviða og deilda

5. Tímaáætlun fyrir mat á deildum, þverfræðilegum námsbrautum og stoðþjónustueiningum á tímabilinu frá 2011/2012 til 2014/2015

2011-2012

1. Íslensku- og menningardeild (Hugvísindasvið)
2. Jarðvísindadeild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
3. Lýðheilsuvísindi (Þverfræðileg námsleið)
4. Stjórn málafræðideild (Félagsvísindasvið)
5. Umhverfis- og auðlindafræði (Þverfræðileg námsleið)

2012-2013

6. Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (Hugvísindasvið)
7. Félagsráðgjafardeild (Félagsvísindasvið)
8. Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
9. Matvæla- og næringarfræðideild (Heilbrigðisvísindasvið)
10. Rafmagns- og tölvuverkfræðideild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
11. Sálfræðideild (Heilbrigðisvísindasvið)
12. Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
13. Uppeldis- og menntunarfræðideild (Menntavísindasvið)
14. Viðskiptafræðideild (Félagsvísindasvið) og Hagfræðideild (Félagsvísindasvið)

2013-2014

15. Félags- og mannvísindadeild (Félagsvísindasvið)
16. Hjúkrunarfræðideild (Heilbrigðisvísindasvið)

17. Íþróttta- tómstunda- og þroskaþjálfadeild (Menntavísindasvið)
18. Lyfjafræðideild (Heilbrigðisvísindasvið)
19. Raunvísindadeild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
20. Sagnfræði- og heimspekideild (Hugvísindasvið)

2014-2015

21. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (Hugvísindasvið)
22. Kennaradeild (Menntavísindasvið)
23. Lagadeild (Félagsvísindasvið)
24. Líf- og umhverfisvísindadeild (Verkfræði- og náttúruvísindasvið)
25. Læknadeild (Heilbrigðisvísindasvið)
26. Tannlæknadeild (Heilbrigðisvísindasvið)

B. SJÁLFSMAT

1. Skipan sjálfsmatshóps deilda

Fyrir hverja deild, eða eftir atvikum tvær eða fleiri deildir saman, verður skipaður sjálfsmatshópur sem annast sjálfsmatið og ritun sjálfsmatsskýrslu. Í hverjum sjálfsmatshópi eiga sæti a.m.k. 10 manns:

- Deildarforseti viðkomandi deildar, formaður sjálfsmatshópsins. Ef tvær eða fleiri deildir taka höndum saman um sjálfsmatið sitja báðir deildarforsetar í sjálfsmatshópnum og skipar forseti fræðasviðs annan þeirra sem formann.
- A.m.k. þrír fulltrúar fastra kennara, tilnefndir af deildarforseta (eða deildarforsetum) í samráði við forseta viðkomandi fræðasviðs. Þar sem deildum er skipað í námsbrautir skulu formenn þeirra eiga sæti í sjálfsmatshópnum.
- A.m.k. einn fulltrúi annarra starfsmanna, tilnefndur af forseta fræðasviðs.
- A.m.k. tveir fulltrúar nemenda, annar úr grunnnámi og hinn úr framhaldsnámi. Tilnefning þeirra fer eftir sömu reglum og gilda um val á fulltrúum stúdenta á deildarfundi.
- A.m.k. einn erlendur fulltrúi frá erlendum samanburðarháskóla. Erlendi fulltrúinn skal vera sérfræðingur á fagsviði viðkomandi deilda(r). Hann heimsækir m.a. deildina í 2-3 daga og sendir

gæðaráðinu stutta greinargerð um framkvæmd og áreiðanleika sjálfsmatsins. Gæðaráð skipar erlenda sérfræðinginn að fenginni tilnefningu deilda(r). Deildir skulu tilnefna a.m.k. 3-5 einstaklinga eða erlendar samanburðardeildir eða -háskóla í fremstu röð og velur gæðaráðið úr tilnefningunum.

- A.m.k. einn utanaðkomandi fulltrúi fyrrverandi nemenda eða atvinnu- og þjóðlífs, tilnefndur af formanni sjálfsmatshópsins.
- Ritari sem tilnefndur er af forseta fræðasviðs úr hópi starfsmanna stjórnsýslu fræðasviðsins. Mikilvægt er að ritarinn þekki vel til starfsemi fræðasviðsins og sé vel ritfær á ensku.

2. Úttektanefnd Háskóla Íslands

Sérstök nefnd skipuð fulltrúum úr gæðanefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd háskólaráðs, auk gæðastjóra, skipuleggur og heldur utan um matsvinnuna í umboði rektors HÍ. Úttektarnefndin er tengiliður við sjálfsmatshópana, gæðaráð, stjórnsýslu og rektor HÍ.

- Áður en vinnan við sjálfsmat hvernar deildar hefst heldur úttektarnefnd fund með sjálfsmatshópnum þar sem farið verður yfir tímaáætlun, skipulag og framkvæmd matsferlisins.
- Áður en sjálfsmatsvinnan hefst leggur formaður sjálfsmatshóps viðkomandi deildar fyrir úttektarnefndina nákvæma framkvæmdaáætlun.
- Tveimur vikum áður en frestur til að skila sjálfsmatsskýrslu rennur út sendir formaður sjálfsmatshópsins úttektarnefnd drög að skýrslunni og bregst nefndin við henni innan einnar viku og boðar formann sjálfsmatshópsins til fundar eftir því sem ástæða er til.
- Úttektarnefnd tekur við endanlegum sjálfsmatsskýrslum deilda og sendir þær til gæðaráðs háskóla.

Formaður úttektarnefndar og gæðastjóri taka þátt í árlegum fundum gæðaráðs háskóla með stjórn HÍ.

Úttektarnefnd skilar rektor árlega, fyrir fund stjórnar HÍ með gæðaráði háskóla, skýrslu um framkvæmd og niðurstöður sjálfsmats deilda og gerir tillögur um viðbrögð og úrbætur eftir því sem ástæða er til.

3. Ábyrgð

Deildarforsetar eru formenn sjálfsmatshópa deilda og stýra vinnu þeirra í umboði forseta fræðasviða. Stjórnir fræðasviða hafa eftirlit

með sjálfsmatsvinnu deilda og bera forsetar fræðasviða endanlega ábyrgð á sjálfsmatinu gagnvart rektor.

4. Umbun

Fulltrúum í sjálfsmatshópunum og ritara hópsins verður umbunað fyrir vinnuframlag sitt, föstum kennurum t.d. í formi kennsluafsláttar, en fulltrúum nemenda, utanaðkomandi fulltrúum og ritara í formi þóknunar. Deildir og fræðasvið bera annan kostnað vegna sjálfsmatsins, s.s. veitinga- og prentkostnað. Gæðaráð stendur straum af öllum kostnaði vegna erlenda sérfræðingsins.

C. LEIÐBEININGAR FYRIR SJÁLFSMAT OG RITUN SJÁLFSMATSSKÝRSLU

1. Almenn

Um sjálfsmat og ritun sjálfsmatsskýrslu er fjallað ítarlega í handbók gæðaráðsins.² Til að tryggja samræmi í vinnubrögðum fylgja hér leiðbeiningar og upptalning á nokkrum helstu efnis- og áhersluatriðum sjálfsmatsskýrslna deilda. Lýsingin er þó ekki tæmandi og geta deildir fjallað um fleiri atriði sem þær telja mikilvæg.

2. Umfang

Vinna við sjálfsmat skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en einn mánuð og skulu sjálfsmatsskýrslur deilda að jafnaði ekki vera lengri en 30 bls., auk viðauka, og ritaðar á ensku.

3. Meginviðfangsefni

Meginviðfangsefni sjálfsmats deildar er að gera grein fyrir gæðastarfi hennar, þ.e. hvernig deildin tryggir og eflir með kerfisbundnum hætti gæði náms, kennslu og prófgráða á öllum námsstigum. Sjálfsmatið skal taka til allra þátta náms og kennslu, þ.m.t. staðbundinnar kennslu, fjarkennslu og verklegar kennslu og þjálfunar. Sjálfsmatið skal einkum taka til nemenda í fullu námi en ekki til erlendra skiptinema.

4. Sjónarmið nemenda

Mikilvægt er að sjálfsmatið endurspegli reynslu núverandi og fyrrverandi nemenda af námi og kennslu í deildinni. Því er það

² Nánari lýsingu á sjálfsmati er að finna í handbók gæðaráðsins. Sjá einnig plaggið *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area* sem samþykkt var af menntamálaráðherrum aðildarríkja Bologna-ferlisins árið 2005. Sjá [http://www.enqa.eu/files/ESG_3edition%20\(2\).pdf](http://www.enqa.eu/files/ESG_3edition%20(2).pdf)

mikilvægur hluti sjálfsmatsvinnunnar að sjálfsmatshópurinn haldi opna fundi með stúdentum og nýlega brautskráðum kandídötum til að fá fram sjónarmið þeirra til námsins. Þá mun sameiginleg stjórnsýsla í samstarfi við Félagsvísindastofnun framkvæma viðhorfskannanir meðal núverandi og fyrrverandi nemenda og láta deildum í té niðurstöður kannananna. Loks mun bein þátttaka stúdenta í sjálfsmatsvinnunni tryggja að sjónarmið þeirra komi fram.

5. Innra og ytra sjónarhorn

Að matinu skulu ekki aðeins koma starfsmenn og stúdentar heldur einnig utanaðkomandi sérfræðingar. Gæðaráðið mun, í samráði við deildina, skipa a.m.k. einn utanaðkomandi sérfræðing á fræðasviði deildarinnar frá erlendri samanburðardeild til að taka þátt í sjálfsmatinu. Að auki tekur a.m.k. einn utanaðkomandi fulltrúa fyrrverandi nemenda eða atvinnu- og þjóðlífs þátt í matinu.

6. Tölfræðileg gögn

Skilgreindar hafa verið valdar kennitölur sem aflað er með samræmdum hætti og sjálfsmatshópum deilda eru látnar í té áður en sjálfsmatið hefst, sbr. D.7 hér að neðan. Kennitölurnar skulu birtar í viðauka og túlkaðar í sjálfsmatsskýrslunni. Sjálfsmatshópum deilda er frjálst að birta frekari tölulegar upplýsingar og gögn eftir því sem þær telja ástæðu til.

7. Heiðarleiki

Vanda skal til sjálfsmatsskýrslunnar og skal hún innihalda heiðarlega, opinskáa, sjálfsgagnrýna og greinandi umfjöllun um núverandi stöðu og framtíðarhorfur deildarinnar til skemmri og lengri tíma. Með því getur sjálfsmatið nýst sem grundvöllur framþróunar og umbóta. Allar staðhæfingar í sjálfsmatsskýrslunni skulu vera studdar rökum og gögnum, þ. á m. samanburði við hliðstæða(r) erlenda(r) háskóladeild(ir) í fremstu röð. Forðast skal að setja fram ítarlegar stöðulýsingar eða órökstuddar staðhæfingar.

D. UPPBYGGING SJÁLFSMATSSKÝRSLUNNAR

1. Samantekt á helstu niðurstöðum, tillögum og eftirfylgni

Skipan sjálfsmatshópsins, framkvæmd sjálfsmatsins, helstu niðurstöður og tillögur deildarinnar og áætlun um hvernig þeim verður fylgt eftir.

2. Einkenni deildar, fagleg sýn og stefna í alþjóðlegum samanburði

2.1 Stutt kynning á deildinni, stjórn, skipulagi og stöðu hennar innan HÍ.

2.2 Fagleg sýn og stefna deildar, m.a. um áherslur, forgangsörðun og umbætur á sviði náms, kennslu og rannsókna.

- Hvar stendur deildin nú, m.a. í alþjóðlegum samanburði? (Dæmi: Hversu vel fullnægir deildin menntunarpörfum grunn- og framhaldsnema? Er mikill munur á þörfum einstakra nemendahópa? Hver er námsframvinda nemenda og hversu hátt er brautskráningarlutfallið? Hver eru afdrif nemenda að námi loknu?)
- Hvert stefnir deildin í framtíðinni? (Dæmi: Hver er fagleg stefna deildarinnar og hvaða markmið hefur deildin sett sér? Hvaða viðmiðanir og mælikvarða notar deildin til að mæla og meta árangur? Eru markmið deildarinnar í samræmi við þarfir og óskir stúdenta/vinnuveitenda/annarra hagsmunaaðila?)
- Hvernig hyggst deildin ná markmiðum sínum? (Dæmi: Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að ná markmiðum deildarinnar? Hvernig er unnt að afla aukins fjár og hvernig á að ráðstafa fjármunum deildarinnar? Hvernig á að þróa mannauð deildarinnar? Hvaða hópa getur verið gagnlegt að hafa skipuleg samskipti við innan og utan háskólans og á alþjóðlegum vettvangi?)
- Hvernig veit deildin hvenær hún hefur náð settu marki? (Dæmi: Á hvaða upplýsingum byggir deildin? Hvaða aðferðir og mælikvarðar eru notaðar til að meta árangur?)
- Hvernig stuðlar aukinn árangur og gæði á einu sviði að framgangi stefnu deildarinnar, fræðasviðsins og heildarstefnu Háskóla Íslands?

3. Innra gæðaeftirlit

3.1 Hvernig tryggir og eflir deildin með kerfisbundnum hætti gæði náms, kennslu og prófgráða á öllum námsstigum?

3.2 Í sjálfsmatsskýrslunni (eða í viðauka) skal tilgreina a.m.k. eitt lýsandi dæmi um aðgerð sem hefur bætt gæðastarf deildarinnar. Með dæminu fylgi greining á markmiðum og árangri aðgerðarinnar.

4. Innlent og erlent samstarf

4.1 Hvernig er háttað samstarfi deildarinnar við aðrar innlendar og erlendar háskóladeildir, fræðasvið, stofnanir eða fyrirtæki á sviði náms og kennslu? Hver ber ábyrgð á gæðum samstarfsins og hvernig er gæðaeftirliti háttað?

5. Nemendur

- 5.1** Hvernig er staðið að móttöku nemenda við upphaf náms á öllum stigum?
- 5.2** Hvernig er staðið að námsráðgjöf við nemendur við upphaf náms og meðan á námi stendur?
- 5.3** Hvernig er háttað upplýsingagjöf til nemenda um réttindi þeirra, s.s. varðandi námsmat, kærur, áfrýjun o.s.frv?
- 5.4** Hvernig er jafnrétti nemenda tryggt m.t.t. kynja, uppruna, fötlunar o.s.frv.?
- 5.5** Hvaða formlegar og óformlegar aðferðir notar deildin til að afla með kerfisbundnum hætti upplýsinga um reynslu og viðhorf nemenda til námsins? Hvernig notar deildin þessar upplýsingar skipulega til að þróa og bæta námið?
- 5.6** Hvaða stoðþjónusta sem hefur bein áhrif á gæði námsins, s.s. bókasafnsþjónusta, aðstaða til verklegrar kennslu, upplýsingatækniþjónusta, náms- og starfsráðgjöf o.s.frv., stendur nemendum til boða og hvernig nýta þeir sér þjónustuna?

6. Kennsla og kennsluhættir í grunn-, meistara- og doktorsnámi

- 6.1** Hver er stefna deildarinnar um nám, kennslu og prófgráður?
- 6.2** Hvernig er háttað skipulagi, inntaki, áherslum og þróun námsleiða?
- 6.3** Hvernig er staðið að skilgreiningu og endurskoðun hæfniviðmiða fyrir námskeið og námsleiðir?
- 6.4** Hvaða kennsluaðferðir eru notaðar við deildina? Hvert er vægi einstakra kennsluaðferða, s.s. fyrirlestra, verkefna, umræðutíma, starfsþjálfunar, vettvangsnáms o.s.frv.? Hvernig stuðlar deildin að fjölbreyttum kennsluháttum?
- 6.5** Hvaða aðferðir eru notaðar við mat á gæðum kennslu? Hvernig eru niðurstöður kennslumats kynntar fyrir nemendum og hvernig er háttað eftirfylgni með þeim?
- 6.6** Hvernig námsgögn eru notuð við deildina?
- 6.7** Hvernig er staðið að mati námseininga og vinnuframlags og hvernig tryggir deildin að það sé í samræmi við almenn viðmið fræðasviðsins og háskólans?
- 6.8** Hvaða viðmiðanir og aðferðir eru notaðar við námsmat og hver eru tengsl námsmats við skilgreind hæfniviðmið? Hvernig er stuðlað að

fjölbreyttu námsmati? Hvernig er tryggt að námsmat sé í samræmi við almenn viðmið fræðasviðsins og háskólans?

7. Kennitölur og túlkun þeirra

Sameiginleg stjórnsýsla tekur saman og leggur deildum til eftirfarandi lykilkennitölur sem skulu birtar í viðauka sjálfsmatsskýrslunnar og túlkaðar í skýrslunni:

- Fjöldi umsókna um nám / fjöldi nýnema í grunnnámi.
- Endurkomuhlutfall á hausti 2. námsárs í grunnnámi.
- Tími fram að fyrsta háskólaprófi / brautskráningarhlutfall í grunnnámi.
- Viðhorf nemenda til ýmissa þátta námsins (skv. viðhorfskönnun sem lögð verður fyrir nemendur á vormisseri 2. árs í grunnnámi).
- Tími fram að öðru háskólaprófi / brautskráningarhlutfall í meistaranámi.
- Tími fram að þriðja háskólaprófi / brautskráningarhlutfall í doktorsnámi.
- Afdrif nemenda að námi loknu og viðhorf þeirra til námsins (skv. viðhorfskönnun sem lögð verður fyrir nemendur sem brautskráðust árið á undan).
- Hlutfall fjölda fastra kennara og fjölda skráðra nemenda.
- Fjöldi virkra nemenda (FTE), kynjaskipting og þjóðerni.
- Þróun nemendafjölda síðastliðin þrjú ár.

8. Rannsóknir og samþætting kennslu og rannsókna

8.1 Stefna deildar um rannsóknir, rannsóknasamstarf og öflun rannsóknatekna.

8.2 Í viðauka við sjálfsmatsskýrsluna skal birta ferilskrár allra fastra kennara. Einnig skal birta í viðauka og túlka í meginmáli skýrslunnar staðlaðar upplýsingar frá sameiginlegri stjórnsýslu um árangur og gæði rannsókna við deildina, þ.e.

- Fjöldi birtinga á viðurkenndum vísindalegum vettvangi,
- Fjöldi rannsóknastiga skv. matskerfi opinberra háskóla
- Fjöldi aflstiga skv. 6. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands

- Fjöldi tilvitnana skv. viðurkenndum alþjóðlegum gagnagrunnum
- Fjárhæð sértekna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum
- Alþjóðleg samstarfsverkefni á sviði rannsókna

8.3 Í sjálfsmatsskýrslunni skal gera grein fyrir því hvernig háttað er rannsóknaumhverfi nemenda og samþættingu kennslu og rannsókna. Eðli máls samkvæmt er samþætting rannsókna og kennslu breytileg eftir því hvort um er að ræða grunnnám, meistaranám eða doktorsnám.

- Eru nemendum kenndar helstu rannsóknaaðferðir og ólíkar stefnur og straumar á sviði rannsókna á fagsviðinu?
- Eru nemendur í tengslum við virka vísindamenn á fagsviðinu?
- Í hve miklu mæli taka nemendur beinan þátt í rannsóknaverkefnum kennara?
- Fá nemendur stuðning við öflun nýrrar þekkingar í samræmi við námsstig?
- Er fyrir hendi öflugt rannsóknaumhverfi fyrir framhaldsnema?

9. Námsaðstaða

9.1 Hvernig er námsaðstaða nemenda (kennslustofur, aðstaða til verklegrar þjálfunar, lesaðstaða, aðstaða fyrir framhaldsnema o.s.frv.)?

10. Aðkoma nemenda að stjórnun

10.1 Hver er aðkoma nemenda að stjórnun á vettvangi námsbrauta, deildar og fræðasviðs?

11. Mannauður og starfsþróun

11.1 Fjöldi fastra kennara, greint eftir menntun, starfsheiti, aldri og kyni.

11.2 Fjöldi stundakennara og hlutfall kennsluframlags þeirra af heildarkennslumagni deildarinnar.

11.3 Hver er stefna deildar varðandi ráðningar kennara?

11.4 Hvernig er staðið að móttöku nýrra kennara?

11.5 Hvernig er staðið að vali, þjálfun og eftirliti með stundakennurum?

11.6 Hvernig er staðið að þjálfun og endurmenntun fastra kennara? Hvernig nýtir deildin sér möguleika til þjálfunar og endurmenntunar, t.d. á vettvangi Kennslumiðstöðvar?

11.7 Hvernig er staðið að starfsmannasamtölum og hvernig eru niðurstöður þeirra nýttar við mannauðsstjórnun?

12. Annað

12.1 Annað sem deild vill koma á framfæri.